

## Félagsfundur föstudaginn 29. janúar 2016 kl. 17.00 í Alliance Française.

**Viðstödd:** Sigrún Halla Halldórsdóttir, Hrefna Clausen, Margrét Helga Hjartardóttir, Örn Þór Emilsson, Sigurbjörg Gylfadóttir, Ásrún Lára Jóhannsdóttir, Bergrós Ásgeirsdóttir, Eyjólfur Már Sigurðsson, Sólveig Simha, Sigríður Anna Guðbrandsdóttir, Eva Leplat, Petrína Rós Karlsdóttir, Jóhanna Björk Guðjónsdóttir, Hulda Sif Birgisdóttir og Gérard Lemarquis.

1) Fundurinn hófst á liðnum „Almennar upplýsingar“ sem Jóhanna Björk formaður kynnti:

- Framtíð frönskunnar í framhaldsskólum var rædd. Hópurinn *L'avenir du français* hittist á fundi fyrir jól að frumkvæði sendiráðsins. Tilgangur fundarins var að leita leiða til þess endurvekja áhugann á frönskunámi á Íslandi og komu þar fram ýmsar hugmyndir um hvað væri hægt að gera. Á síðasta stjórnarfundum var rætt um sama málefni og t.d. kom upp sú hugmynd að endurgera bækling um frönskuna. Fundarfólk var jákvætt gagnvart þeirri hugmynd. Stjórnarkonur komu einnig með þá hugmynd að gefa litla Eiffel-turna á opnum húsum í framhaldsskólunum en erfitt væri að flytja þá inn í miklu magni. Stjórnin mun athuga kostnað við bæklingagerð. Sólveig benti á að vekja mætti athygli á hversu margir tala frönsku um allan heim, finna gott slagorð. Einnig varð almenn umræða um hvernig mætti fá grunnskólanemendur til þess að velja frönsku.

- Sumarnámskeið 2016: Eyjólfur Már sagði frá undirbúningi þess sem hann hefur veg og vanda að. Hann er búinn að senda umsókn um styrk fyrir námskeiði í Frakklandi fyrir 15 manns til RANNÍS og von er á svari í febrúar. Hann hefur fengið tilboð frá AF í Rouen. Yfirskrift námskeiðisins yrði „Pratique de l'oral en classe de FLE“. Rætt var um dagsetningar námskeiðis og var gerð könnun á hentugustu dagsetningunum meðal fundarfólks. Vikan 13.-17. júní var vinsælust.

- Aðalfundur FFÍ verður 1. apríl þar sem ný stjórn verður kosin. Fyrirhugað er að fara út að borða saman að loknum fundi.

2) Heimspingið í Liège í júlí. Stjórn félagsins vill gjarnan senda fulltrúa félagsins á þingið og mun sækja um styrk fyrir því. Petrína Rós og Sólveig Simha sýndu báðar áhuga á því að vera fulltrúar okkar þar. Jóhanna Björk mun sækja um styrk og tilkynna stjórn FIPF að Ísland muni senda fulltrúa.

3) Sólveig Simha sagði frá dagskrá í tengslum við alþjóðlegan dag franskrar tungu/viku franskrar tungu sem hún er að skipuleggja í samvinnu við Borgarbókasafnið seinni hlutann í mars. Hún hefur undanfarið farið í skóla með kynningar á franskrri tungu og menningu sem fjármagnaðar hafa verið af Reykjavíkurborg. Einnig mun hún skipuleggja „Café Lingua“ sem helgað verður franskrri menningu og tungu. Borgarbókarsafnið vill einnig skipuleggja uppákomu fyrir framhaldsskólanemendur á Kringlusafninu og sérstaka dagskrá fyrir börn á Sólheimasafninu.

4) Frönskukeppnin 2016. Þær dagsetningar sem koma til greina eru 12. eða 17. mars. Umræða varð um efni og fyrirkomulag keppinnar í ár. Þau þemu sem rætt var um voru t.d. fótbolti, borgir og matur. Einnig kom fram efnið *Qu'est-ce que la France ou le français pour moi?* sem hlaut góðan hljómgrunn meðal fundarfólks. Ákveðið var að halda áfram með myndbönd líkt og verið hefur undanfarin ár. Sú hugmynd kom upp að halda keppnina í Gerðubergi í Breiðholti í ár og ætlaði stjórnin að athuga þann möguleika.

5) Önnur mál:

- Petrína Rós minnti á aðalfund STÍL sem haldinn verður 10. mars í Fjölbautaskólanum í Breiðholti.

- Petrína Rós sagði frá því að MMR hefur sent bréf til fagfélaga innan STÍL til þess að tilkynna um að breyting verði framvegis á árlegum styrk ráðuneytisins til þeirra. Nú verður sá styrkur eingöngu veittur í sérstök verkefni sem unnin verða af fagfélögum að beiðni ráðuneytisins. Styrkurinn í fyrri mynd (ákveðin upphæð á ári til faglegs starfs félagsmanna) er úr myndinni samkvæmt þessu bréfi. Sameiginlegur fundur hefur verið haldinn af fagfélögunum um þessa breytingu og var sent bréf til MMR í þeim tilgangi að fá nánari skýringar á breytingunni.

- Sólveig vakti máls á því að ekki er lengur kennd franska í FB og einnig kom fram að franska er ekki í boði í FMos heldur.

Fundi slitið kl. 18.45.